

Vikufréttir

Vika 11 (11.03 - 15.03 2019).

Mánudagur

- ✓ Leikskólabörn koma í heimsókn í skólann. Þau sækja tíma með nemendum í 1. bekk og kynnst skólanum og starfinu þar. Hér er um að ræða tilvonandi nemendur í 1. bekk skólaárið 2019 -2020.
- ✓ Samræmd próf í íslensku hjá 9. bekk

Þriðjudagur

- ✓ Samræmd próf í stærðfræði hjá 9. bekk
- ✓ Upplestrarkeppnin í 7. bekk kl. 17:30
- ✓ Meistaraneimar úr jákvæðri sálfræði koma í heimsókn í Búbbbluna til að kynna sér starfið

Miðvikudagur

- ✓ Samræmd próf í ensku hjá 9. bekk
- ✓ 8. bekkur í skíðaferð í Skagafirði (ef veður leyfir)

Fimmtudagur

- ✓ 9. og 10. bekkur fara á sýninguna Mín framtíð - Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningu í Laugardalshöll
- ✓ 8. bekkur í skíðaferð í Skagafirði (ef veður leyfir)

Föstudagur

Spakmæli

„*Bjartsýnum manni skjátlást eins oft og bölsýnum en honum líður ólíkt betur.*“

Lesskilningsátak

Nú förum við aftur af stað með lestrarátak en að þessu sinni snýr það aðallega að lesskilningi. Því leitum við aftur til ykkar kæru foreldra/forráðamenn og biðjum ykkur um að taka þátt í átakinu með okkur. Við höfum fulla trú á að átakið skili árangri ef vel er að staðið. Góð lestrarkunnátta skapar barninu betri forsendur í framtíðinni hvort sem er í námi eða starfi.

Á næstu dögum koma nemendur heim með lesskilnings – og verkefnahefti sem vinna á heima. Átakið byggir á því að nemendur fá hefti heim með lesskilnings- og hraðlestrartextum sem þeir eiga að lesa. Að loknum lestir vinna þeir tengd verkefni í verkefnaheftinu. Eins og oft hefur verið bent á þurfa börn meiri þjálfun en hægt er að veita þeim í skólanum til að ná nægilega góðum tókum á lestri. Því er heimalestur mikilvægur og gegna foreldrar þar stóru þjálfunarhlutverki í lestrarferlinu.

Niðurstöður lesfimiþróa í janúar

Það er ánægjulegt að segja frá því að þegar niðurstöður lesfimiþróa í janúar s.l. eru skoðaðar má sjá góðar framfarir hjá flestum nemendum. Alveg má greina meiri framfarir hjá þeim sem taka lesturinn alvarlega, eru duglegir að lesa heima og tóku virkan þátt í átakinu fyrir áramót.

Á heildina litið hafa orðið framfarir í lesfimi hjá nemendum okkar og skoraði skólinn hærra en áður sem er frábært og er í flestum tilfellum yfir landsmeðaltali.

Góð lesfimi styður við lesskilning á meðan slök lesfimi getur dregið úr lesskilningi. <https://lykillinn.akmennt.is/hvad-er-laesi/lesfimi/> og skiptir því miklu máli þegar á heildina er litið. Þar af leiðandi leggjum við mikla áherslu á þjálfun allra þátt er viðkoma lestri.

Það er trú okkar og von að þau lestarátök sem við höfum verið með ásamt því að lögð er mikil áhersla á lestur í öllu námi hjá okkur verði til þess að nemendur okkar verði betri lesarar. Í lífinu sjálfu þurfum við alltaf að lesa okkur til gagns og gamans og er læsi lykillinn að flestu sem við sinnum á hverjum degi.

Úgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.
Ábm.: Kristín M. Valgarðsdóttir